

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur 2006

Frjálsi lífeyrissjóðurinn  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík

Kt. 600978-0129

# Frjálsi lífeyrissjóðurinn

Ársreikningur 2006

## Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda.....	2
Skýrsla stjórnar.....	3-4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Yfirlit um sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8-15

# Áritun endurskoðanda

---

## Til stjórnar og sjóðfélaga Frjálsa lífeyrissjóðsins

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Frjálsa lífeyrissjóðsins fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Reykjavík, 21. febrúar 2007

**Deloitte hf.**

  
Knútur Þórhallsson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1978 og starfar samkvæmt leyfi frá Fjármálaráðuneytinu samkvæmt 52. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn starfaði eingöngu sem séreignarsjóður til 1. júlí 1999 þegar sjóðurinn stofnaði tryggingadeild.

## Sjóðfélagar, ávöxtun og eignir

Í lok árs 2006 voru sjóðfélagar 38.379 en heildarfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í sjóðinn á árinu var 15.531 og nam hrein eign sjóðsins 59.614 milljónum króna. Sjóðfélögum hefur frá ársbyrjun 2002 boðist að velja milli þriggja fjárfestingarleiða séreignardeildar sem eru með mismunandi fjárfestingarstefnu, áhættu og ávöxtun. Yfirlit um helstu þætti einstakra leiða er sem hér segir:

	Frjálsi I	Frjálsi II	Frjálsi III	Tryggingadeild
Nafnbreyting innistæðna .....	17,7%	11,1%	7,9%	19,2%
Raunbreyting innistæðna .....	10,1%	3,9%	0,9%	11,4%
Hrein eign í millj.kr. ....	40.933	2.764	4.426	11.492
Fjöldi sjóðfélaga/rétthafa .....	33.684	1.746	3.014	27.753
Fjöldi sem greitt hefur í sjóðinn á árinu .....	13.326	871	1.283	11.013
Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi í sjóðinn á árinu .....	10.258	700	1.084	6.708
Fjöldi lífeyrisþega .....	491	120	268	364
<b>Markhópur</b>	<b>Yngri en 55 ára</b>	<b>Eldri en 55 ára</b>	<b>Lífeyris- þegar</b>	<b>Allir</b>
Fjárfestingarstefna:				
Skuldabréf .....	60%	85%	75%	60%
Innlend hlutabréf .....	10%	5%	0%	10%
Erlend hlutabréf .....	25%	10%	0%	25%
Sérhæfðar fjárfestingar .....	5%	0%	0%	5%
Bankainnstæður .....	0%	0%	25%	0%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>

## Frjálsi lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður Bolungarvíkur sameinast

Frjálsi lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður Bolungarvíkur sameinuðust frá og með 1. janúar 2006. Sameiningin fór fram með þeim hætti að Frjálsi lífeyrissjóðurinn tók við eignum og skuldbindingum Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur. Markmið með sameiningunni er að auka áhættudrefingu, ná frekari hagræðingu í rekstri, efla eignastýringu sjóðanna og hámarka lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

Við sameininguna fluttust eignir um 4 þúsund sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur, sem námu um 2,9 milljörðum kr., í tryggingadeild Frjálsa lífeyrissjóðsins. Heildarstærð tryggingadeildar eftir sameiningu var rúmlega 10 milljarðar kr. í byrjun árs 2006 og fjöldi sjóðfélaga sem átti réttindi um 26.000.

# Skýrsla stjórnar

## Þróun markaða

Árið 2006 einkenndist af miklum sveiflum á innlendum verðbréfamarkaði sem og á gengisvísitölu krónunnar.

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn fór vel af stað í byrjun árs, hafði hækkað um 22,5% um miðjan febrúar og virtist stefna í enn eitt metárið á innlendum hlutabréfamarkaði. Viðsnúningur varð hins vegar á markaðnum þann 21. febrúar þegar matsfyrirtækið Fitch breytti horfum á láns hæfi íslenska ríkisins í neikvæðar og þann 27. júlí náði Úrvalsvísitalan lægsta gildi ársins, og hafði lækkað þá um 5% á árinu. Á síðari hluta ársins náði markaðurinn sér aftur á strik, og heildarhækkun Úrvalsvísitölnunnar nam 15,8%.


Eftir mikla styrkingu árið 2005 var krónan áfram sterk í upphafi árs 2006 samfara áframhaldandi útgáfu svokallaðra krónubréfa sem var með mesta móti fyrstu tvo mánuði ársins. Líkt og á innlenda hlutabréfamarkaðnum varð hins vegar viðsnúningur þann 21. febrúar þegar skýrsla Fitch kom út og veiktist krónan mikið eða um 4,5% yfir daginn. Opinber gengisvísitala krónunnar lækkaði um 23% á árinu, þar af 5,2% í desember.

Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa lækkaði í desember um 9-12 punkta og lá í lok desember á bilinu 4,12%-5,99%. Í ársbyrjun var krafa íbúðarbréfa á bilinu 4,07-4,28% og hefur því vaxtaferill íbúðabréfa hliðrast uppá við og orðið brattari. Hækkun kröfunnar má aðallega rekja til hækkandi stýrivaxta, hárra vaxta á peningamarkaði svo og minnkandi verðbólguvæntinga. Verðbólga var mikil á árinu og mældist tólf mánaða verðbólga um 7%. Stýrivextir Seðlabanka Íslands voru hækkaðir um 0,25% þann 21. desember sl. og hækkuðu stýrivextir því um 3,75% á árinu.

Erlendir hlutabréfamarkaðir voru hagstæðir á árinu en heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World) hækkaði um 18% í USD á árinu. Vegna veikingar krónunnar var ávöxtun erlendra hlutabréfa í íslenskum krónum því mjög góð á árinu.

Reykjavík, 21. febrúar 2007


## Í stjórn



Asgeir Thoroddsen  
stjórnarformaður




Asdís Eva Hannesdóttir




Jónmundur Guðmarsson




Haukur F. Leósson



Bjarnar S. Ingimarsson



María Sólbergdóttir



Elías Jónatansson

## Framkvæmdastjóri



Arnaldur Loftsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2006

	Sk.	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 2006	Samtals 2005
<b>Iðgjöld</b>							
Iðgjöld sjóðfélaga .....		1.177.923	81.501	114.291	526.963	1.900.679	1.725.081
Iðgjöld launagreiðenda .....		1.791.100	130.237	168.912	950.777	3.041.027	2.733.891
Vaxtatekjur vegna iðgjalda .....		33.242	727	464	0	34.433	50.340
Bónus vegna tryggingadeildar .....		1.562.936	76.178	105.501	(1.744.616)	0	0
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		(382.648)	(107.634)	(177.924)	(2.289)	(670.494)	(415.467)
		<u>4.182.553</u>	<u>181.010</u>	<u>211.245</u>	<u>(269.165)</u>	<u>4.305.645</u>	<u>4.093.845</u>
<b>Lífeyrir</b>							
Lífeyrir .....	6	(263.039)	(77.058)	(316.558)	(142.033)	(798.688)	(402.980)
Umsjónarnefnd eftirlauna .....		0	0	0	382	382	0
		<u>(263.039)</u>	<u>(77.058)</u>	<u>(316.558)</u>	<u>(141.650)</u>	<u>(798.306)</u>	<u>(402.980)</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>							
Tekjur af eignarhlutum .....		395.765	191	0	43.112	439.068	318.679
Vaxtatekjur og gengismunur .....	7	5.629.031	284.963	364.613	1.889.142	8.167.750	5.334.927
		<u>6.024.797</u>	<u>285.154</u>	<u>364.613</u>	<u>1.932.254</u>	<u>8.606.818</u>	<u>5.653.606</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>							
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(54.351)	(3.876)	(6.486)	(13.995)	(78.707)	(54.952)
Önnur fjárfestingargjöld .....		(61.573)	(4.127)	(6.486)	(16.551)	(88.737)	(58.056)
		<u>(115.924)</u>	<u>(8.003)</u>	<u>(12.971)</u>	<u>(30.546)</u>	<u>(167.444)</u>	<u>(113.008)</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>							
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		(49.154)	(3.491)	(5.863)	(21.313)	(79.822)	(52.251)
		<u>(49.154)</u>	<u>(3.491)</u>	<u>(5.863)</u>	<u>(21.313)</u>	<u>(79.822)</u>	<u>(52.251)</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu .....	14	9.779.233	377.612	240.466	1.469.580	11.866.891	9.179.211
Hrein eign frá fyrra ári .....		31.153.574	2.385.970	4.185.436	7.112.347	44.837.327	35.658.118
Flutt frá Lífeyrissjóði Bolungarvíkur .....		0	0	0	2.909.710	2.909.710	0
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>		<u><u>40.932.807</u></u>	<u><u>2.763.582</u></u>	<u><u>4.425.902</u></u>	<u><u>11.491.637</u></u>	<u><u>59.613.928</u></u>	<u><u>44.837.328</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2006

	Sk.	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 2006	Samtals 2005
<b>Eignir</b>							
<b>Fjárfestingar</b>							
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	8	25.952.791	1.479.760	8.669	6.468.326	33.909.546	22.965.307
Verðbréf með föstum tekjum .....	9	14.589.266	1.275.046	3.940.147	4.499.417	24.303.875	16.048.463
Veðlán .....	10	346.203	0	0	29.129	375.332	194.094
Verðtryggð innlán .....		0	0	42.693	0	42.693	4.194.339
Húseignir og lóðir .....	15	0	0	0	14.788	14.788	0
		<u>40.888.260</u>	<u>2.754.805</u>	<u>3.991.510</u>	<u>11.011.660</u>	<u>58.646.235</u>	<u>43.402.203</u>
<b>Kröfur</b>							
Kröfur á launagreiðendur .....		22.986	1.552	2.485	111.996	139.019	107.989
Aðrar kröfur .....		6.953	406	2.832	2.324	12.514	266.536
		<u>29.939</u>	<u>1.958</u>	<u>5.317</u>	<u>114.319</u>	<u>151.533</u>	<u>374.525</u>
<b>Aðrar eignir</b>							
Bankainnstæður .....		63.502	14.589	456.680	468.438	1.003.209	1.432.147
		<u>63.502</u>	<u>14.589</u>	<u>456.680</u>	<u>468.438</u>	<u>1.003.209</u>	<u>1.432.147</u>
<i>Eignir samtals</i>		<u>40.981.701</u>	<u>2.771.352</u>	<u>4.453.507</u>	<u>11.594.418</u>	<u>59.800.977</u>	<u>45.208.873</u>
<b>Skuldir</b>							
<b>Viðskiptaskuldir</b>							
Skuldir við lánastofnanir .....		0	0	0	0	0	(19.388)
Aðrar skuldir .....		(48.894)	(7.770)	(27.605)	(102.780)	(187.048)	(352.158)
<i>Skuldir samtals</i>		<u>(48.894)</u>	<u>(7.770)</u>	<u>(27.605)</u>	<u>(102.780)</u>	<u>(187.048)</u>	<u>(371.546)</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>		<u>40.932.807</u>	<u>2.763.582</u>	<u>4.425.902</u>	<u>11.491.637</u>	<u>59.613.928</u>	<u>44.837.328</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2006

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 2006	Samtals 2005
<b>Inngreiðslur</b>						
Iðgjöld .....	2.619.617	104.832	105.744	1.475.451	4.305.645	4.130.380
Fjárfestingartekjur .....	6.024.797	285.154	364.613	1.932.254	8.606.818	456.902
Afborganir verðbréfa .....	1.037.247	75.101	251.543	333.709	1.697.599	1.317.073
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	12.194.958	1.871.103	788.255	3.854.422	18.708.738	10.459.991
Seld verðbréf með föstum tekjum .....	3.588.505	586.663	4.614.008	1.125.579	9.914.755	5.483.019
Bónus vegna tryggingadeildar .....	1.562.936	76.178	105.501	(1.744.616)	0	0
	<u>27.028.060</u>	<u>2.999.031</u>	<u>6.229.665</u>	<u>6.976.800</u>	<u>43.233.555</u>	<u>21.847.366</u>
<b>Útgreiðslur</b>						
Lífeyrir .....	263.039	77.058	316.558	141.650	798.306	402.980
Fjárfestingargjöld .....	115.924	8.003	12.971	30.546	167.444	113.008
Rekstrarkostnaður .....	49.154	3.491	5.863	21.313	79.822	52.251
Skammtímalíðir, breyting .....	176.209	19.222	36.336	(8.775)	222.992	36.517
	<u>604.327</u>	<u>107.774</u>	<u>371.728</u>	<u>184.734</u>	<u>1.268.564</u>	<u>604.756</u>
<i>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....</i>	<u>26.423.733</u>	<u>2.891.257</u>	<u>5.857.937</u>	<u>6.792.065</u>	<u>41.964.991</u>	<u>21.242.610</u>
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>						
Keypt verðbréf með breytilegum tekjum .....	19.993.175	1.928.631	938.622	4.858.930	27.719.358	13.929.946
Keypt verðbréf með föstum tekjum .....	7.520.400	1.043.819	8.614.281	1.506.076	18.684.576	5.557.929
Ný veðlán og útlán .....	137.339	0	0	4.300	141.639	124.165
Bankainnistæður, (lækkun) hækkun .....	0	0	(4.151.646)	0	(4.151.646)	439.979
	<u>27.650.915</u>	<u>2.972.450</u>	<u>5.401.256</u>	<u>6.369.306</u>	<u>42.393.927</u>	<u>20.052.019</u>
Hækkun / (lækkun) á bankainnistæðum .....	(1.227.182)	(81.194)	456.680	422.759	(428.936)	1.190.591
Bankainnistæður í ársbyrjun .....	<u>1.290.684</u>	<u>95.782</u>	<u>0</u>	<u>45.679</u>	<u>1.432.145</u>	<u>241.557</u>
Bankainnistæður í árslok .....	<u>63.502</u>	<u>14.589</u>	<u>456.680</u>	<u>468.438</u>	<u>1.003.209</u>	<u>1.432.147</u>



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Í öllum meginatriðum er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings ársins 2005.
2. Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.
3. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlana teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum eða lausafé.

### Frjálsi 1, Frjálsi 2 og Frjálsi 3:

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum, skráð verðbréf með föstum tekjum og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Önnur óskráð verðbréf eru færð til eignar á upphaflegu kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok, hvort sem lægra er.

### Tryggingadeild:

Verðbréf eru metin með sama hætti og í leiðum Frjálsa 1 til 3 hér að ofan, að því undanskildu að frá ársbyrjun 2006 hafa öll verðbréf með föstum tekjum verið færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

4. Rekstrarkostnaði sjóðsins er skipt á fjárfestingargjöld og rekstrarkostnað eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignauskýslu eða annan rekstur sjóðsins.

## Iðgjöld

5. Sjóðfélagar greiða iðgjöld inn á sameiginlegan iðgjaldareikning Frjálsa lífeyrissjóðsins óháð því í hvaða deild þeir greiða. Þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum eru fjárhæðir millifærðar af þessum iðgjaldareikningum inn á réttar deildir. Í árslok 2006 er staðan á iðgjaldareikningi sjóðsins um 81 milljón króna.

Í ársreikningi sjóðsins eru framangreind iðgjöld færð til eignar og skuldar en ekki færð meðal iðgjalda í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, þar sem sjóðfélagar öðlast að öllu jöfnu ekki réttindi fyrir en við bókun skilagreina. Undantekning á þessu er þó sú að iðgjöld vegna tryggingadeilda eru áætluð og færð sem iðgjöld þar sem ógreidd iðgjöld skapa að jafnaði réttindi hjá sjóðfélögum, sem eru launþegar, frá eindaga samanber 2. mgr. 13. gr. laga nr. 129/1997. Áætlun þessi í árslok 2006 er 8 milljónir króna en var í lok árs 2005 20 milljónir króna.

## Lífeyrir

6. Greiddur lífeyrir greinist þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 2006
Ellilífeyrir .....	194.783	67.287	295.152	35.475	592.697
Örorkulífeyrir .....	7.314	1.334	411	67.436	76.495
Makalífeyrir .....	0	0	0	11.672	11.672
Barnalífeyrir .....	0	0	0	7.289	7.289
Annar lífeyrir .....	60.942	8.438	20.995	19.779	110.154
	<u>263.039</u>	<u>77.058</u>	<u>316.558</u>	<u>141.650</u>	<u>798.306</u>

# Skýringar

## Vaxtatekjur og gengismunur

7. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 2006
Skuldabréf og hlutdeildarskírteini .....	5.639.755	284.904	326.064	1.846.445	8.097.167
Bankainnistæður .....	55.949	4.663	38.550	63.648	162.809
Árangurstengd þóknun .....	(66.672)	(4.604)	0	(20.951)	(92.226)
	<u>5.629.032</u>	<u>284.963</u>	<u>364.613</u>	<u>1.889.142</u>	<u>8.167.750</u>

## Fjárfestingar

8. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Trygginga- deild	Samtals 31.12.06
Skráð innlend hlutabréf:				
Kaupþing banki hf .....	299.326	11.094	59.904	370.324
Exista hf. ....	148.489	5.385	28.890	182.765
Straumur fjárfestingarbanki hf. ....	0	0	2.262	2.262
Avion Group hf. ....	0	0	48	48
Icelandic Group hf. ....	0	0	5	5
<i>Skráð innlend hlutabréf</i>	<u>447.815</u>	<u>16.480</u>	<u>91.108</u>	<u>555.403</u>
Innlend hlutabréf:				
Óskráð innlend hlutabréf .....	2.753	0	6.128	8.881
<i>Innlend hlutabréf</i>	<u>450.569</u>	<u>16.480</u>	<u>97.236</u>	<u>564.284</u>
Skráð erlend hlutabréf:				
Decode Genetics Inc. ....	2.515	82	0	2.597
<i>Skráð erlend hlutabréf</i>	<u>2.515</u>	<u>82</u>	<u>0</u>	<u>2.597</u>
Óskráð erlend hlutabréf:				
Health Holding S.A .....	38.161	0	17.389	55.550
<i>Óskráð erlend hlutabréf</i>	<u>38.161</u>	<u>0</u>	<u>17.389</u>	<u>55.550</u>
<i>Erlend hlutabréf</i>	<u>40.676</u>	<u>82</u>	<u>17.389</u>	<u>58.147</u>
Innlend hlutdeildarskírteini .....	10.148.084	1.086.185	8.669	13.610.858
Erlend hlutdeildarskírteini .....	14.180.176	351.360	0	18.367.184
Önnur verðbréf .....	1.133.287	25.654	0	1.309.073
Bókfært verð samtals .....	<u>25.952.791</u>	<u>1.479.761</u>	<u>8.669</u>	<u>33.909.547</u>

## Skýringar

### 9. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 31.12.06
Skuldabréf með ríkisábyrgð .....	9.779.685	853.781	1.935.299	3.489.668	16.058.433
Skuldabréf með ábyrgð fjármálastof. ....	1.514.065	171.178	1.433.254	396.258	3.514.756
Skuldabréf með ábyrgð sveitafélaga .....	76.896	0	28.578	71.522	176.995
Önnur skuldabréf .....	3.218.620	250.086	543.017	541.968	4.553.691
	<u>14.589.266</u>	<u>1.275.046</u>	<u>3.940.147</u>	<u>4.499.417</u>	<u>24.303.875</u>

Verðbréf með föstum tekjum eru metin á áætluðu markaðsverði í Frjálsa 1, Frjálsa 2 og Frjálsa 3, en á kaupkröfu í Tryggingadeild. Áætlað markaðsverð og verð samkvæmt upphaflegri kaupkröfu sundurliðast þannig:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 31.12.06
Samkvæmt upphaflegri kaupkröfu .....	14.913.527	1.311.379	4.061.600	4.499.417	24.785.922
Samkvæmt ársreikningi .....	14.589.266	1.275.046	3.940.147	4.499.417	24.303.875
	<u>324.262</u>	<u>36.333</u>	<u>121.452</u>	<u>0</u>	<u>482.047</u>

Áætlað markaðsverð verðbréfa í tryggingadeild, var 4.425 milljónir króna í árslok, samanborið við 4.499 milljónir króna sé miðað við upphaflega kaupkröfu eða 74 milljónum króna lægra. Í ársbyrjun var áætlað markaðsverð verðbréfa í tryggingadeild 135 milljónir króna hærra en ef miðað er við upphaflega kaupkröfu.

### 10. Veitt lán gegn veði í fasteignum greinast þannig:

	Frjálsi 1	Trygginga- deild	Samtals 31.12.06
Sjóðfélagar .....	321.129	29.129	350.259
Aðrir aðilar .....	25.074	0	25.074
	<u>346.203</u>	<u>29.129</u>	<u>375.332</u>

# Skýringar

## Önnur mál

11. Þóknun til Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. fyrir umsjón og starfsrækslu sjóðsins á árinu nam 295,4 milljónum króna og er hún í samræmi við rekstrarsamning þar um. Þóknun til Arion verðbréfavörslu hf. nam 6,7 milljónum króna. Aðrar þóknanir námu 10 milljónum króna.

12. Greidd stjórnarlaun á árinu 2006 sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Frjálsi lífeyrissjóðurinn:	
Ásgeir Thoroddsen .....	1.800
Ásdís Eva Hannesdóttir .....	900
Bjarnar S. Ingimarsson .....	900
Haflíði Kristjánsson .....	675
Tryggvi Þór Herbertsson .....	900
María Sólbergisdóttir .....	900
Þórunn Pálsdóttir .....	805
	<u>6.880</u>
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur:	
Elías Jónatansson .....	140
Jenný Hólmsteinsdóttir .....	70
Flosi Valgeir Jakobsson .....	70
Karvel Steindór Pálmason .....	70
Lárus Benediktsson .....	70
Gunnar Hallsson .....	70
Alda Jóna Ólafsdóttir .....	25
	<u>515</u>
Samtals greidd stjórnarlaun .....	<u>7.395</u>
Laun og tengd gjöld vegna framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur .....	<u>914</u>

13. Þóknanir til endurskoðenda á árinu 2006 sundurliðast með eftirfarandi hætti (með vsk.):

Endurskoðun ársreiknings .....	1.678
Könnun árshlutareiknings .....	550
Önnur endurskoðunartengd þjónusta .....	1.557
	<u>3.785</u>

14. Breytingar á innstæðum sjóðfélaga greinast þannig á árinu:

	Frjálsi 1	Frjálsi 2	Frjálsi 3	Trygginga- deild	Samtals 2006
Iðgjöld .....	4.182.553	181.010	211.245	(269.165)	4.305.645
Greiddur lífeyrir .....	(263.039)	(77.058)	(316.558)	(141.650)	(798.306)
Vextir og kostnaður .....	5.859.719	273.659	345.779	1.880.395	8.359.552
	<u>9.779.233</u>	<u>377.612</u>	<u>240.466</u>	<u>1.469.580</u>	<u>11.866.891</u>

## Skýringar

### 15. Húseignir og lóðir:

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Áætlað söluverð	Bókfært verð
Vitastigur 3, Bolungarvík .....	17.842	71.554	16.500	14.788

16. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nam áfallin lífeyrisskuldbinding tryggingadeildar Frjálsa 10,3 milljörðum króna í árslok 2006 miðað við 3,5% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2006 var 11,5 milljarðar króna eða 1,3 milljörðum króna hærri. Lífeyrisskuldbinding samtryggingardeildar sjóðsins í árslok 2006 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
<b>Eignir:</b>			
Hrein eign til greiðslu lífeyris .....	11.491.600	0	11.491.600
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti .....	390.300	0	390.300
Lækkun vegna fjárfestingagjalda .....	(333.900)	0	(333.900)
Núvirði framtíðariðgjalda .....	0	23.659.800	23.659.800
<i>Eignir alls</i>	<u>11.548.000</u>	<u>23.659.800</u>	<u>35.207.800</u>
<b>Skuldbindingar:</b>			
Ellilífeyrir .....	6.775.300	14.063.800	20.839.100
Örorkulífeyrir .....	2.585.800	5.793.400	8.379.200
Makalífeyrir .....	788.200	1.755.000	2.543.200
Barnalífeyrir .....	15.500	280.000	295.500
Rekstrarkostnaður .....	92.800	415.800	508.600
<i>Skuldbindingar alls</i>	<u>10.257.600</u>	<u>22.308.000</u>	<u>32.565.600</u>
Eignir umfram skuldbindingar	<u>1.290.400</u>	<u>1.351.800</u>	<u>2.642.200</u>
Eignir umfram skuldbindingar í hlutfalli af skuldbindingum	<u>12,6%</u>	<u>6,1%</u>	<u>8,1%</u>

# Skýringar

## Kennitölur

17. Kennitölurnar hér á eftir eru reiknaðar út samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða.

	2006	2005	2004	2003	2002
<b>Frjálsi lífeyrissjóðurinn í heild</b>					
Meðalfjöldi sjóðfélaga .....	10.363	9.830	9.262	8.577	6.805
Heildarfjöldi sjóðfélaga .....	38.379	32.961	30.210	25.868	25.018
Fjöldi lífeyrisþega .....	1.090	795	744	726	491
Meðalfjöldi lífeyrisþega .....	671	326	278	236	202
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir .....	74,2%	80,1%	74,3%	80,7%	83,3%
Barnalífeyrir .....	0,9%	3,9%	6,1%	3,3%	4,5%
Makalífeyrir .....	1,5%	4,7%	11,5%	3,6%	8,7%
Örorkulífeyrir .....	9,6%	7,1%	5,5%	9,1%	2,6%
Annar lífeyrir .....	13,8%	4,3%	2,6%	3,3%	0,9%
<b>Frjálsi I</b>					
Hrein raunávöxtun m.v. innb. iðgjöld.....	10,1%	11,0%	9,5%	16,0%	(9,6%)
Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár.....	7,0%	4,3%	2,0%	2,1%	1,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð með breytilegum tekjum.....	63,5%	58,4%	40,9%	49,6%	43,4%
Skráð með föstum tekjum.....	35,0%	38,6%	49,5%	36,4%	47,6%
Óskráð með breytilegum tekjum.....	0,1%	0,5%	7,4%	1,3%	0,7%
Óskráð með föstum tekjum.....	0,7%	1,9%	2,0%	11,6%	7,0%
Veðlán.....	0,7%	0,6%	0,3%	1,1%	1,3%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum án gjaldeyrisvarna:					
Eignir í íslenskum krónum .....	62,5%	65,1%	64,9%	63,6%	67,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	37,5%	34,9%	35,1%	36,4%	33,0%
<b>Frjálsi II</b>					
Hrein raunávöxtun m.v. innb. iðgjöld.....	3,9%	3,8%	10,3%	12,7%	1,8%
Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár.....	6,4%	5,4%	-	-	-
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð með breytilegum tekjum.....	53,7%	60,9%	41,0%	32,4%	100,0%
Skráð með föstum tekjum.....	44,4%	38,5%	51,9%	66,7%	-
Óskráð með breytilegum tekjum.....	0,0%	0,0%	6,1%	0,9%	-
Óskráð með föstum tekjum.....	1,8%	0,6%	0,9%	-	-
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum án gjaldeyrisvarna:					
Eignir í íslenskum krónum .....	85,9%	88,7%	89,0%	88,7%	89,6%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	14,1%	11,3%	11,0%	11,3%	10,4%

## Skýringar

	2006	2005	2004	2003	2002
<b>Frjálsi III</b>					
Hrein raunávöxtun m.v. innb. iðgjöld.....	0,9%	4,6%	6,1%	6,4%	6,6%
Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár.....	4,9%	6,1%	-	-	-
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð með breytilegum tekjum.....	0,2%	-	-	-	-
Skráð með föstum tekjum.....	84,8%	-	-	-	-
Óskráð með föstum tekjum.....	3,8%	-	-	-	-
Bankainnistæður.....	11,2%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum án gjaldeyrisvarna:					
Eignir í íslenskum krónum .....	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
<b>Tryggingadeild</b>					
Hrein raunávöxtun skv. formúlu FME	11,4%	11,5%	9,3%	15,9%	(9,2%)
Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár.....	7,4%	4,5%	-	-	-
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð með breytilegum tekjum.....	58,8%	56,4%	43,0%	49,6%	77,5%
Skráð með föstum tekjum.....	39,3%	42,0%	47,6%	40,5%	15,8%
Óskráð með breytilegum tekjum.....	0,2%	0,1%	6,4%	1,0%	0,4%
Óskráð með föstum tekjum.....	1,6%	1,5%	3,1%	8,9%	6,3%
Veðlán.....	0,3%	-	-	-	-
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum án gjaldeyrisvarna:					
Eignir í íslenskum krónum .....	62,8%	68,1%	67,3%	66,4%	69,1%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	37,2%	31,9%	32,7%	33,6%	30,9%

# Skýringar

## Skilgreiningar

Hrein raunávöxtun m.v. innb. iðgjöld

Hjá lífeyrissjóðum sem reikna daglegt gengi eigna er raunávöxtun reiknuð samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$r = \frac{(1+i)}{(1+j)} - 1$$

Þar sem  $r$  táknar hreina raunávöxtun;  $i$  táknar breytingu á gengi sjóðsins á árinu og  $j$  táknar hækkun vísitölu á árinu.

Hrein raunávöxtun tryggingadeildar ..... Raunávöxtun eigna reiknast samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$r = \frac{(1+i)}{(1+j)} - 1$$

Þar sem  $r$  táknar raunávöxtun,  $i$  táknar ávöxtun eigna (sbr. formúlu hér að neðan) og  $j$  táknar hækkun á vísitölu á árinu. Formúla fyrir ávöxtun eigna ( $i$ ) er eftirfarandi:

$$i = \frac{2(F-K)}{(A+B-(F-K))}$$

Þar sem  $F$  táknar fjárfestingartekjur nettó, þ.e. fjárfestingartekjur að frádrögnum fjárfestingargjöldum.  $K$  táknar rekstrarkostnað og önnur gjöld að frádrögnum öðrum tekjum.  $A$  táknar hreina eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun.  $B$  táknar hreina eign til greiðslu lífeyris í árslok.

Meðaltal hreinnar raunáv. sl. 5 ár..... Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára sbr. eftirfarandi:

$$r_5 = \sqrt[5]{(1+r_1)(1+r_2)..(1+r_5)} - 1$$

Fjöldi sjóðfélaga ..... Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.

Heildarfjöldi sjóðfélaga ..... Heildarfjöldi sjóðfélaga hjá sjóðnum í árslok.



## Fjárfestingarstefna Frjálsa lífeyrissjóðsins 2007 (úrdráttur)

### Forsendur fjárfestingastefnu

Eignir Frjálsa lífeyrissjóðsins skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 7. gr. samþykktu Frjálsa lífeyrissjóðsins og samkvæmt nánari reglum Fjármálaeftirlitsins. Frjálsa lífeyrissjóðnum er skipt í tryggingadeild og séreignardeild. Séreignardeild sjóðsins er skipt í þrjár fjárfestingarleiðir og fylgir fjárfestingarstefna fyrir hverja leið.

### Umfjöllun um réttindakerfi

Tryggingadeildin er með eina fjárfestingarleið og tekur við lágmarksiðgjöldum sbr. 2 gr. laga 129/1997. Sjóðfélagar lífeyrissjóðsins eiga val um þrjár leiðir sem uppfylla skilyrði laga um lágmarkstryggingavernd. Í Samtryggingu 70 er öll lágmarkstryggingarvernd tryggð í tryggingadeild sjóðsins, en í Samtryggingu 30 er hluti réttinda veittur sem bundinn séreignarsparnaður þar sem útborgunum eru settar þrengri skorður en gildir um viðbótarlífeyrissparnað. Almennur ellilífeyrisaldur er 70 ár, en sjóðfélaga er heimilt að flýta eða fresta töku lágmarksréttinda um allt að fimm ár. Í Samtryggingu 100 rennur allt 12% lágmarksiðgjaldið í tryggingadeild, viðmiðunarellilífeyrisaldur er 67 ár og hægt er að flýta eða fresta töku ellilífeyris um 5 ár. Íðgjöld til samtryggingadeildar eru 7,40% í Samtryggingu 70 en 3,10% í Samtryggingu 30. Lágmarksiðgjöld til sjóðsins eru 12% af iðgjaldsstofni frá og með tímabilinu janúar 2007.

Í séreignardeild eru þrjár mismunandi fjárfestingarleiðir sem taka við séreignarsparnaði. Fjárfestingarleiðirnar taka bæði við bundinni séreign og frjálsri séreign.

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeigna Frjálsa lífeyrissjóðsins í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru hér í töflunni að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

	Frjálsi 1		Frjálsi 2		Frjálsi 3		Tryggingadeild	
	Markmið	Vikmörk	Markmið	Vikmörk	Markmið	Vikmörk	Markmið	Vikmörk
<b>Fjárfestingarstefna</b>								
Innlán í bönkum og sparissjóðum	0,0%	0%-20%	0,0%	0%-20%	25,0%	0%-60%	0,0%	0%-20%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	42,0%	20%-60%	55,0%	40%-85%	50,0%	30%-100%	42,0%	20%-60%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	4,0%	0%-15%	5,0%	0%-10%	5,0%	0%-30%	4,0%	0%-15%
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	4,0%	0%-15%	15,0%	0%-20%	12,5%	0%-50%	4,0%	0%-15%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	2,0%	0%-5%	0,0%	0%-5%	0,0%	0%-5%	2,0%	0%-5%
Hlutabréf	35,0%	20%-50%	15,0%	5%-25%	0,0%	0,0%	35,0%	20%-50%
Sérhæfðar fjárfestingar	5,0%	0%-10%	0,0%	0%-5%	0,0%	0,0%	5,0%	0%-10%
Önnur verðbréf	8,0%	0%-15%	10,0%	0%-20%	7,5%	0%-20%	8,0%	0%-15%
<b>Samtals</b>	<b>100,0%</b>		<b>100,0%</b>		<b>100,0%</b>		<b>100,0%</b>	
<b>Hlutabréf</b>	<b>35,0%</b>	<b>20%-50%</b>	<b>15,0%</b>	<b>5%-25%</b>	<b>0,0%</b>		<b>35,0%</b>	
Innlend hlutabréf	10,0%	5%-20%	5,0%	0%-10%	0,0%	0,0%	10,0%	5%-20%
Erlend hlutabréf	25,0%	15%-40%	10,0%	5%-15%	0,0%	0,0%	25,0%	15%-40%
<b>Önnur verðbréf</b>	<b>8,0%</b>	<b>0%-15%</b>	<b>10,0%</b>	<b>0%-15%</b>	<b>7,5%</b>		<b>8,0%</b>	
Skuldabréf fyrirtækja	8,0%	0%-15%	6,0%	0%-15%	7,5%	0%-20%	8,0%	0%-15%
Annað	0,0%	0%-5%	4,0%	0%-10%	0,0%	0,0%	0,0%	0%-5%

Ef fjárfest er í sjóðum eða afleiðum taka viðmiðin til undirliggjandi eigna. Í þeim tilvikum sem fjárfest er í erlendum myntum er heimilt að nota gjaldeyrisvarnir með því markmiði að draga úr áhættu af gengisbreytingum erlendra gjaldmiðla og auka ávöxtun. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð a.m.k. árlega og getur hún breyst skv. ákvörðun stjórnar að undangenginni tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.